# Ríkislögmaður

**01 271**

# Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .......... 2
Yfirlit um afkomu ársins .......... 3
Efnahagsreikningur .......... 4
Sjóðstreymisyfirlit .......... 5
Skýringar .......... 6

**Ríkislögmaður**
**kt. 600186-1759**
**Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkislögmaður er ríkisaðili í A-hluta sem var stofnað með lögum nr. 51/1985.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Ríkislögmaður heyrir undir Stjórnarráðið og er skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingalánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Ennfremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir kjararáði.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 221,2 milljónir og afkoma kr. 10 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 18,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 42,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkislögmanns í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkislögmanns fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Rvk. 17. sept 2019

Staður, dags.

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 194.700.000 | 168.934.327 |
| Seld þjónusta | | 25.809.060 | 31.625.282 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 717.614 | 796.986 |
| **Tekjur samtals** | | 221.226.674 | 201.356.595 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 177.923.902 | 186.723.536 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 32.547.853 | 33.575.627 |
| Afskriftir | 6 | 717.614 | 796.986 |
| **Gjöld samtals** | | 211.189.369 | 221.096.149 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 10.037.305 | (19.739.554) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (19.933) | (14.232) |
| | | (19.933) | (14.232) |
| **Afkoma ársins** | | 10.017.372 | (19.753.786) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 7 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 2.339.813 | 3.057.427 |
| Aðrar eignir | | 290.950 | 290.950 |
| | | 2.630.763 | 3.348.377 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 2.630.763 | 3.348.377 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 8 | 13.325.000 | 8.372.362 |
| Tengdir aðilar | 9 | 24.095.697 | 21.736.485 |
| Handbært fé | | 2.078.623 | 204.468 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 39.499.320 | 30.313.315 |
| **Eignir samtals** | | 42.130.083 | 33.661.692 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hrein eign | | 18.738.760 | 8.721.388 |
| **Eigið fé samtals** | | 18.738.760 | 8.721.388 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 9 | 11.242 | 372.761 |
| Viðskiptaskuldir | | 909.765 | 1.697.081 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 11 | 19.839.553 | 19.522.085 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 12 | 2.630.763 | 3.348.377 |
| | | 23.391.323 | 24.940.304 |
| **Skuldir samtals** | | 23.391.323 | 24.940.304 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 42.130.083 | 33.661.692 |
| **Aðrar upplýsingar** | 13 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 10.017.372 | (19.753.786) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 717.614 | 796.986 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (717.614) | (796.986) |
| | | 10.017.372 | (19.753.786) |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (4.952.638) | (2.427.637) |
| Skammtímaskuldir | | (469.848) | (381.950) |
| | | (5.422.486) | (2.809.587) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 4.594.886 | (22.563.373) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 7 | 0 | (65.673) |
| | | 0 | (65.673) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (2.720.731) | 22.386.843 |
| Fjárfestingarframlag | | 0 | 65.673 |
| | | (2.720.731) | 22.452.516 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 1.874.155 | (176.530) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 204.468 | 380.998 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.078.623 | 204.468 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

## Skýringar

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Lántaka**

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

### 3 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 194.700.000 | 169.000.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | (65.673) |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 194.700.000 | 168.934.327 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 717.614 | 796.986 |
| | 195.417.614 | 169.731.313 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 174.600.000 | 0 | 0 | 174.600.000 |
| Fjáraukalög | 20.000.000 | 0 | 0 | 20.000.000 |
| Launbætur | 100.000 | 0 | 0 | 100.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **194.700.000** | **0** | **0** | **194.700.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (184.682.628) | 0 | 0 | (184.682.628) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **10.017.372** | **0** | **0** | **10.017.372** |

### 4 Laun og launatengd gjöld

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 143.950.957 | 152.768.639 |
| Orlof, breyting | 1.398.875 | (861.533) |
| Launatengd gjöld | 32.432.810 | 34.147.112 |
| Starfsmannakostnaður | 141.260 | 669.318 |
| | 177.923.902 | 186.723.536 |
| | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 9 | 9 |

## Skýringar

| 5 Annar rekstrarkostnaður | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 492.161 | 837.270 |
| Ýmis tæki og áhöld | 616.216 | 50.674 |
| Orkugjafar | 162.755 | 170.085 |
| Matvæli | 565.578 | 516.935 |
| Almennar rekstrarvörur | 679.095 | 64.753 |
| Vörukaup, almenn | 2.515.805 | 1.639.717 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 648.664 | 521.890 |
| Ferðir, uppihald | 1.026.676 | 1.037.133 |
| Akstur | 213.939 | 71.720 |
| Sérfræðiþjónusta | 8.035.089 | 10.633.084 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 30.623 | 13.634 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 9.990 | 109.524 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.601.026 | 3.107.551 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 12.566.007 | 15.494.536 |
| | | |
| Afnotagjöld | 1.060.095 | 1.019.247 |
| Leigugjöld | 7.676.633 | 7.470.658 |
| Verkkaup | 1.353.387 | 1.409.784 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.628.564 | 2.119.322 |
| Tapaðar kröfur | 4.747.362 | 4.422.363 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 17.466.041 | 16.441.374 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 32.547.853 | 33.575.627 |

**7 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Áhöld og búnaður | 2.339.813 | 3.057.427 |
| Aðrar eignir | 290.950 | 290.950 |
| | 2.630.763 | 3.348.377 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 5.474.264 | 290.950 | 5.765.214 |
| | 5.474.264 | 290.950 | 5.765.214 |
| | | | |
| Afskriftir 1.1.2018 | 2.416.837 | 0 | 2.416.837 |
| Afskrift ársins | 717.614 | 0 | 717.614 |
| | 3.134.451 | 0 | 3.134.451 |
| | | | |
| Staða 31.12.2018 | 2.339.813 | 290.950 | 2.630.763 |

## Skýringar

### 8 Viðskiptakröfur

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 24.494.725 | 14.794.725 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (11.169.725) | (6.422.363) |
| | 13.325.000 | 8.372.362 |

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 4.793.486 | 2.434.274 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 19.302.211 | 19.302.211 |
| | 24.095.697 | 21.736.485 |

| | | |
|---|---|---|
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 11.242 | 372.761 |
| | 11.242 | 372.761 |

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | | |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 8.721.388 | 9.172.963 |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 19.302.211 |
| Afkoma ársins | 10.017.372 | (19.753.786) |
| Jöfnuður 31.12. | 18.738.760 | 8.721.388 |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 19,3 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 19.839.553 | 18.440.678 |
| Ógreidd laun | 0 | 1.081.407 |
| | 19.839.553 | 19.522.085 |

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 2.630.763 | 3.348.377 |
| | 2.630.763 | 3.348.377 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 3.348.377 | 0 | 3.348.377 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (717.614) | 0 | (717.614) |
| | 2.630.763 | 0 | 2.630.763 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,6 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 13 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til 31. september 2019 og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 6,8 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 2,1 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.